



Fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd FUNDUR – 2. mars 2004

Fundur haldinn í fræðslu-, íþróttá- og tómstundanevnd þriðjudaginn 2.mars 2004 kl. 18:00 í grunnskólanum.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Vinabæjarheimsókn.
2. Kynning á tómstundarstarfi.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Það eru 200.000 eyrnamerkta vinabæjarheimsóknum 2004. Fargjaldið til Finnlands kostar um 55.000 kr. Stefnt að því að senda að minnsta kosti 2-3 unglinga og einn fullorðin. Það er mikilvægt að nefndi ákveði fljótlega hvernig vali verði háttað. Rætt um ýmsar leiðir til að kynna vinabæi Blönduós meira og nýta tengslin meira. Nefndin telur að til þess að sinna þessu verðuga verkefni á sem bestan hátt þurfi að hækka fjárhagsramma um 100.000 að lámarki fyrir árið 2004 og fer þess á leit við bæjarstjórn. Margrét og Árný taka að sér að búa til reglur um val á þátttakendum, Matthías verður til aðstoðar.
2. Kynntar upplýsingar um starfsemi ýmissa félaga á Blönduósi, en félögin sendu upplýsingar til kynningar fyrir nefndinni. Mjög mikið gott starf unnið en greinilegt er að erfitt er sækja fjármagn í reksturinn. Einnig var farið yfir þá styrki sem Blönduósbær veitir. Rætt um að skoða hvort ekki væri hægt að gera þjónustusamning við Hvöt um rekstur Blönduósvallar.
3. Rætt um þá styrki sem veittir eru til æskulýðsmála, en mikið er af styrkjum í boði en vantar að halda utan um alla möguleika fyrir félögin. T.d. er æskulýðssjóður sem veittar eru úr 3. milljónir þann 10. mars til félagasamtaka. Talið mikilvægt að senda Matthías hið fyrsta til Erlends í menntamálaráðuneyti þannig að hann geti náð í þekkingu til að miðla til félagana á Blönduósi.



Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:35.

Gísli Guðmundsson
Matthías Páll Imsland
Árný Þ. Árnadóttir

Margrét Einarsdóttir
Eva Hrund Pétursdóttir